

Valur Valsson

Minnispunktur um upphaf hraðbanka á Íslandi

Inngangsorð eftir Ágúst Úlfar Sigurðsson

Valur Valsson, fyrrverandi bankastjóri hefur að ósk Öldungadeildar ritað meðfylgjandi frásögn um innleiðingu hraðbankatækninnar á Íslandi. Með frásögninni lét Valur fylgja eintak af Frjálsri Verslun, 8. tbl. 1984, sem inniheldur „Samtíðarmannsviðtal“ við hann. Þar segir frá ýmsum fleiri atriðum um tæknivæðingu og málefnum Iðnaðarbankans s.s. „Lykilkortunum“, sem veittu aðgang að fyrstu hraðbankaafgreiðslunum, sem í upphafi voru nefndar Tölvubanki.

Frjálsa Verslun má finna á vefnum: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=3167381

Vorið 1970 hóf ég störf í Iðnaðarbankanum í Reykjavík, þá nýútskrifaður viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Var ég ráðinn í bankann til að veita forstöðu nýrri deild, Hagdeild. Eitt af fyrstu verkefnum mínum var að kanna í nágrannalöndum nýjungar í tæknimálum bankarekstrar. Þetta leiddi til þess að árið 1971 var ákveðið að taka í notkun IBM System 3 tölvukerfi í stað fyrirferðamikilla bókhaldsvéla.



Miðeining og prentari úr System 3 tölvu Iðnaðarbankans í geymslu Árbæjarsafns. Ljós. Árbæjarsafn

Með þessu fyrsta skrefi í tölvuvæðingu bankans varð bylting í gagnavinnslu hans. Næstu árin var tölvuvæðingunni haldið áfram og 1979 varð stökkbreyting þegar afgreiðslustarfsemin var beintengd og allar færslur gjaldkera urðu samtímafærslur.

Fyrri hluta árs 1983 var ég ráðinn einn af bankastjórum bankans og um sama leyti var mér boðið í nokkurra vikna ferð til Bandaríkjanna til að kynna mér bankastarfsemi þar. Ferðaðist ég vítt og breitt um landið og heimsótti fjölda banka og spraisjóða.

Gafst mér kostur á að kynna mér flesta þætti bankarekstrar, meðal annars tæknimál. Sérstaka athygli mína vöktu sjálfsafgreiðslutæki, sem Bandaríkjamenn kölluð „Automatic Teller Machines“ eða ATM, og voru að ryðja sér til rúms. Hafði þessi nýjung strax náð umtalsverðum vinsældum.

Þegar heim kom kynnti ég félögum mínum í bankanum þessa nýju tækni og var strax farið að skoða möguleika þess að Iðnaðarbankinn innleiddi þessa þjónustu á Íslandi. Félagar mínir í bankastjórninni Bragi Hannesson og Ragnar Önundarson voru mjög áhugasamir um framgang málsins og forstöðumaður tölvudeildarinnar, Guðjón Reynisson¹, leiddi svo mállið til lykta með drjúgum stuðningi starfsmanna IBM á Íslandi.

Kostnaður við hvert tæki, uppkomið og tengt, samsvaraði verði Volvo fólksbifreiðar og það þótti á þeim tíma töluverð fjárfesting fyrir banka á Íslandi. Var því ákveðið að fara varlega af stað og setja aðeins upp tvö tækii upphafi, í afgreiðslu bankans í Lækjargötu og í útibúinu við Strandgötu í Hafnarfirði. Tækin voru kynnt tekin í notkun með töluverðri auglýsingaherferð á þeirri tíma mælikvarða.

Mikil umræða var frá upphafi um íslenskt heiti á þessari nýjung. Leituðum við meðal annars til Háskóla Íslands. Margar hugmyndir komu fram, meðal annars „Handraði“ en niðurstaðan var að kalla þetta Tölvubanka. Það reyndist ekki sérlega langlíft því þegar aðrir bankar sameinuðust um sams konar þjónustu stuttu síðar kölluðu þeir þetta Hraðbanka, sem við í Iðnaðarbankanum tókum fljótlega upp líka, enda mun betra og þjálla heiti.

Fljótlega fjölgaði hraðbönkunum og innan fárra ára voru þeir orðnir ómissandi hluti nútíma bankaþjónustu.

¹ Heiðursfélagi í SKÝ. <http://www.sky.is/index.php/um-felagie/heidhursfelagar-sky/9-felagid/felagidh/1172-guejon-reynisson>